

Borgarbyggð  
b/t Sigurður Friðgeir Friðriksson  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 13. janúar 2020  
UST201912-148/A.B.  
10.04.00

**Efni: Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og nýtt deiliskipulag fyrir Hraunsnef í Norðurárdal**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og á nýju deiliskipulagi fyrir Hraunsnef í Norðurárdal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að bæta við 40 ha frístundabyggð (F147) í landi Hraunsnefs þar sem heimilt er að reisa að hámarki 20 frístundahús. Auk þess kemur fram að núverandi skilgreining á Hraunsnefi er svæði fyrir verslun og þjónustu.

Einnig kemur fram að ekki verður gerð breyting á gróðurfari, dýralífi eða jarðminjum.

**Umhverfismat**

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013, sem fjallar um umhverfismat, segir að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveisslugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfispætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Það er mat Umhverfisstofnunar að þar sem svæðið, sem er hér til umfjöllunar, nær yfir svæði sem er á náttúruminjaskrá, votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og svæði þar sem eru vistgerðir með mjög hátt verndargildi, þá er mikilvægt að fjalla um þessi atriði í tillögunni og tilefni til að unnið sé umhverfismat.

## Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillögurnar ná til, er á náttúruminjaskrá og nefnist Grábrókarhraun og Hreðavatn og er númer 210 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem fjölbreyttu og fögru umhverfi og fjölsóttu útivistarsvæði.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um svæðið í tillögunni og að það sé metið hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja og hvaða skilyrði eru sett til að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

### Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að á suður- og vesturhluta svæðisins, sem tillagan nær til, er votlendi. (sjá <https://serstokvernd.ni.is/>)

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd votlendis sem fjallað er um í 1. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að tillagan geti haft neikvæð umhverfisáhrif á votlendið og því mikilvægt leitað sé leiða til að forðast rask á votlendinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfí að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að afmarka byggingarreiti með þeim hætti að byggingar raski ekki votlendi. Einnig bendir Umhverfisstofnun á þann möguleika að setja ákveðin skilyrði í tillögurnar þar sem segir að óheimilit sé að raska votlendi á skipulagssvæðinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum

Þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Vistgerðir


Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýrvist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.

Í starungsmýrvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slika vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur að tillagan geti haft neikvæð áhrif á vistgerðirnar og telur stofnunin því mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingarreitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefansson  
sérfræðingur